

Nd.

## 650. Nefndarálit

um frv. til laga um farmgjald af aðfluttum vörum, og um frv. til laga um toll af póstsendingum (þingskjal 374).

Frá minni hluta nefndarinnar.

Vér áttum ekki þess kost að sjá álit háttvirts meiri hluta nefndarinnar áður það væri prentað. Mundum vér annars hafa látið oss nægja, að rita þar á í fám orðum ágreiningstillögu vora. En hún er sú, að vér leggjum til að frv. verði felt, með því að vér teljum það óaðgengilegt bæði að efni og formi.

Löggjafarvaldið hefir hingað til aflað landssjóði tekna með nokkuð háum tollum á fám vörutegundum, og því komist af án sérstaks tollgæzlukostnaðar. Yrði nú þetta frumv. lögleitt, væri með því gengið inn á nýja braut, þar sem innleiðdur væri tollur á flestar vörutegundir, er hingað flytjast, mjög mismunandi að hæð, og eftir flókinni og ógreinilegri flokkun. Vér teljum engan vafa á því, að af þessu mundi leiða yfirgripsmikið og dýrt tolfestirlit, hér sem annarstaðar, og mundi ekki veita af miklum hluta þeirra tekna, er frv. gerir ráð fyrir, til að standast kostnað af því estirliti. Það gerir engan mun í þessu efni, þótt þetta sé n e f n t farmgjald, því að það, sem hér er farið fram á, er í r a u n - o g v e r u ekkert annað en að innleiða hér stórt og margbrotið tollkerfi, með öllum þess órakostnaði og öðrum annmörkum.

Nefndin öll hefir lagt það til, að stefnt sé að því marki, að afla landssjóði verulegra tekna framvegis, með því að landið taki að sér einkasölu (Monopol) á nokkrum aðfluttum vörum. Væntum vér af því góðs árangurs, og gerum ráð fyrir, að á þann hátt verði fyllt það skarð, er missir áfengistollsins heggur í lands-sjóðinn. En á meðan verið er að koma því í kring, þarf að líkindum að sjá fyrir einhverjum bráðabirgðatekjum, og ef til vill vakir það fyrir þeim, er framfylgja vilja þessu farmgjaldsfrumvarpi. En vér verðum að leiða athygli að því, að sem bráðabirgðafyrirkomulag eru flestir vegir til muna álitlegri en sá, er hér er valinn, þar sem flokkunin er svo flókin, að vér ekki segjum þvælingsleg, að öll framkvæmdin hlýtur að verða afar-torveld og vandasöm. Miklu aðgengilegra væri, til að afla bráðabirgðatekna, að leggja á reglulegt farmgjald — lestagjald — þar sem sama gjald væri heimtað af hverri smálest, er til landsins flytst, eitt ár eða tvö, jafnt af öllum vörum undantekningarlaust. Það væri einfalt og óbrotið; en svo þarf hvert bráðabirgðafyrirkomulag að vera fyrst og fremst. —

Að því er upphæð þá, 180 þús. kr. snertir, sem gert er ráð fyrir að tekjurnar af þessu svokallaða farmgjaldi nemi, þá er þess að gæta, að nefndin hefir, að því er vér bezt vitum, alls ekki rannsakað þá hlið málsins, og mun byggja þar eingöngu á sögusögn eins manns, flutningsmanns málsins, sem segist hafa rannsakað það, án þess þó, að hann hafi, svo vér vitum til, látið nefndinni í té nokkur skilríki eða skýrslur um það. Vér verðum því að telja þessa áætlun fremur óábyggilega að svo stöddu, og vér teljum það með öllu óráðlegt fyrir háttv. deild að samþykkja jafnstórt mál, þar sem tekin er upp alný stefna í tollamálum, eftir svo alsendis ófullnægjandi undirbúning. Hvervetna annarstaðar þykja slík mál hin vandasömustu, og er jafnan vandað mjög til undirbúnings þeirra. Hér mun ráðlegt að fara líkt að, og vér teljum sæmd þingsins heimta, að ekki sé rasað fyrir ráð fram í neinu, hvorki í þessu efni né öðrum.

Að því er snertir hitt frv. um toll af póstsendingum, þá stendur það í svo nánu sambandi við farmgjaldsfrumvarpið, að forlög annars verða að líkindum forlög beggja. Vér ráðum því sömuleiðis til, að það verði felt.

Neðri deild, 15. apríl 1911.

Jón Jónsson S.-M.

H. Hafstein  
frms.

Jón Sigurðsson.